
	I EES-STOFNANIR	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
96/EES/4/01	Orðsending frá 22. nóvember 1995 um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/95, 25/95, 36/95, 56/95 og 61/95.....	01
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III EB-STOFNANIR	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
96/EES/4/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.672 - BP/Sonatrach).....	02
96/EES/4/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.692 - Electrowatt/Landis & Gyr).....	03
96/EES/4/04	Beiðni um endurskoðun á skuldbindingum sem gengist var undir gagnvart framkvæmdastjórninni (Mál nr. IV/269 - Shell/Montecatini).....	04
96/EES/4/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.567 - Lyonnaise des Eaux/Northumbrian Water).....	05
96/EES/4/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.664 - GRS Holding).....	05
96/EES/4/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.666 - Johnson Controls/Roth Frères).....	05

96/EES/4/08	Afturköllun á tilkynningu um fyrirhugaða samfylkingu (Mál nr. IV/M.680 - Kværner/Amec).....	06
96/EES/4/09	Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.544 - Unisource/Telefónica).....	06
96/EES/4/10	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	06
96/EES/4/11	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	08

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Orðsending frá 22. nóvember 1995 um gildistöku ákvarðana 96/EES/4/01 sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/95, 25/95, 36/95, 56/95 og 61/95

1. Sameiginlegu EES-nefndinni bárust síðustu tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins varðandi eftirfarandi ákvarðanir:
 - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/95 frá 5. apríl 1995 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn
 - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

Þann 14. og 28. júlí 1995. Í kjölfarið gengu þessar ákvarðanir í gildi 1. september 1995.
2. Sameiginlegu EES-nefndinni bárust síðustu tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins varðandi eftirfarandi ákvarðanir:
 - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/95 frá 18. júlí 1995 um að útvíkka gildissvið ákvarðana nr. 11 til 23/95 þannig að þær taki til Furstadæmisins Liechtensteins
 - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

Þann 31. október 1995. Í kjölfarið gengu þessar ákvarðanir í gildi 1. nóvember 1995.
3. Sameiginlegu EES-nefndinni bárust síðustu tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins varðandi eftirfarandi ákvörðun:
 - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

Þann 13. nóvember 1995. Í kjölfarið mun þessi ákvörðun ganga í gildi 1. janúar 1996.

Formaður sameiginlegu EES-nefndarinnar

E. Berg

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.672 - BP/Sonatrach)

96/EES/4/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin BP Exploration (In Salah) Limited sem tilheyrir samstæðunni British Petroleum (BP) og Sonatrach undir yfirráðum alsírsku ríkisins öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem mun annast rannsókn, leit og markaðssetningu á alsírsku jarðgasi.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - BP: olú- og gasleit, vinnsla, hreinsun, markaðssetning og flutningur; framleiðsla og markaðssetning jarðolíuefna og skyldra afurða,
 - Sonatrach: olú- og gasleit, vinnsla, hreinsun, markaðssetning og flutningur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 13, 18. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.672 - BP/Sonatrach, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.692 - Electrowatt/Landis & Gyr)****96/EES/4/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækið Electrowatt AG, undir yfirráðum CS Holding AG, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir fyrirtækinu Landis & Gyr AG með yfirtökubóði sem auglýst var 21. desember 1995.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Electrowatt AG: framleiðsla, dreifing og viðskipti með rafmagn, verkfræðistarfsemi, fasteignir, eftirlitkerfi fyrir verslunarhúsnæði og öryggiskerfi,
 - Landis & Gyr AG: eftirlitkerfi fyrir verslunar- og íbúðarhúsnæði, veitukerfi fyrir orkuver, rekstur almenningsíma, öryggisbúnaður tengdur myndskjám.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 13, 18. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.692 - Electrowatt/Landis & Gyr, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Beiðni um endurskoðun á skuldbindingum sem gengist var undir 96/EES/4/04
gagnvart framkvæmdastjórninni
(Mál nr. IV/269 - Shell/Montecatini)**

1. Þann 22. desember 1995 sendu fyrirtækin Shell Petroleum N.V. (Shell) og Montedison Nederland N.V. (Montedison) framkvæmdastjórninni beiðni um að leysa þau undan tækniskuldbindingu sem þau gengust undir í framanefndu máli hvað varðar pólýprópýlen (PP).
2. Þann 8. júní 1994 lýsti framkvæmdastjórnin því yfir að fyrirhugaður samruni á pólýolefínstarfsemi Shell og Montedison í eitt fyrirtæki (Montell) samrýmdist sameiginlega markaðinum, með fyrirvara um skilyrði sem áttu að tryggja að samningsaðilar virtu skuldbindingar sínar⁽¹⁾. Markmið þessara skuldbindinga var að tryggja að Royal Dutch/Shell Group myndi ekki í kjölfar myndunar Montell tengjast tveimur leiðandi fyrirtækjum á sviði PP-tækni, þ.e. Spheripol hjá Montedison og Unipol hjá Shell Oil/Union Carbide Corporation (UCC). Því átti að halda PP-tæknistarfsemi Montedison fyrir utan Montell með því að flytja hana til fyrirtækis sem væri eingöngu undir yfirráðum Montedison.
3. Tilkyntir aðilar áskildu sér rétt til að biðja framkvæmdastjórnina um að endurskoða allar eða einstakar skuldbindingar varðandi PP-tækni (118. mgr. ákvörðunarinnar) og framkvæmdastjórnin staðfesti að hún myndi láta fara fram slíka endurskoðun í samræmi við samkeppnislög bandalagsins (121. mgr. ákvörðunarinnar).
4. Samkvæmt samkomulagi milli alríkisráðs viðskiptamála í bandaríkjunum (FTC) og Shell og Montedison, var Shell Oil gert að hætta PP-starfsemi sinni og jafnframt selja alla eignarhluta sína í Unipol/SHAC tæknifyrirtækinu. Þann 26. desember 1995 samþykkti FTC áætlun Shell Oil um að flytja PP-starfsemi sína til UCC. Þessi samningur felur í sér að allar eignir sem nauðsynlegar eru til að reka PP-starfsemi Shell Oil og hvarfakútastarfsemi SHAC, réttur tengdur ákveðnum einkaleyfum, leyfum, rannsóknarsamningum og öðrum samningum og rétturinn á vörumerki „SHAC“ fyrir PP-tækni Shell Oil flytst til UCC. Að auki hefur Shell Oil skuldbundið sig til að selja UCC pólýprópýleneinliður í þrjú ár eftir flutninginn.
5. Í kjölfar samnings Shell Oil við UCC, sendu Shell og Montedison framkvæmdastjórninni beiðni um að leysa þau undan PP-tækniskuldbindingunni sem um getur í 116. mgr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar á þeirri forsendu að ástæður fyrir þessari skuldbindingu væru ekki lengur fyrir hendi og að endurflutningur á PP-tæknistarfsemi Montedison til Montell myndi ekki lengur verða til þess að Royal Dutch/Shell Group tengdist tveimur leiðandi PP-tæknifyrirtækjum eins og framkvæmdastjórnin taldi upphaflega.
6. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi beiðnina á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 13, 18. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/269 - Shell/Montecatini, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(1) Stjútíð. EB nr. L 332/48, 22. 12. 1994.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.567 - Lyonnaise des Eaux/Northumbrian Water)

96/EES/4/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.664 - GRS Holding)

96/EES/4/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.666 - Johnson Controls/Roth Frères)

96/EES/4/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Afturköllun á tilkynningu um fyrirhugaða samfylkingu
(Mál nr. IV/M.680 - Kværner/Amec)****96/EES/4/08**

Þann 22. 12. 1995 hættu samningsaðilar við að koma fyrirhugaðri samfylkingu⁽¹⁾ í framkvæmd samkvæmt 4. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾ og ákváðu því að afturkalla tilkynninguna.

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð
(Mál nr. IV/M.544 - Unisource/Telefónica)****96/EES/4/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. 11. 1995 að tilkynnt aðgerð í framannefndu máli félli ekki undir gildissvið samrunareglugerðarinnar⁽²⁾ vegna þess að hún myndar ekki samfylkingu í skilningi 3. gr. hennar. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. samrunareglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 96/EES/4/10
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki aðstoð sem belgísk stjórnvöld ætla að veita fyrirtækinu Ford Werke AG vegna fjárfestingarverkefnis þess í Genk, ríkisaðstoð nr. N 241/95 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 5, 10. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn lagði fram til að efla rannsóknastarfssemi fyrirtækja í Comunidad Autónoma de La Rioja, ríkisaðstoð nr. N 445/94 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð sem veitt er að frumkvæði bandalagsins til að endurskipuleggja fiskiðnaðinn á Kanaríeyjum, ríkisaðstoð nr. (N) 247/95 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð vegna tímabundinnar stöðvunar á fiskveiðum vegna kólerufaraldurs, ríkisaðstoð nr. (NN) 8/95 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á spænski aðstoðaráætlun til að efla rannsóknir fyrirtækja í Baskahéraði, ríkisaðstoð nr. N 606/95 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 7. mgr. 4. gr. í sjöundu tilskipun um aðstoð til skipasmíða, ákveðið að andmæla ekki hollensku þróunaraðstoðarverkefni í Indlandi í tengslum við afhendingu dýpkunarbátar til Dredging Corporation of India, ríkisaðstoð nr. N 629/95 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

⁽¹⁾ Sjá Stjútíð. EB nr. C 325, 6. 12. 1995 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 47, 7. 12. 1995

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki veitingu Breska konungsríkisins á svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð til Sterling Tubes Ltd sem framleiðir ryðfrí stálrör, ríkisaðstoð nr. N 661/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 7. mgr. 4. gr. í sjöundu tilskipun um aðstoð til skipasmíða, ákveðið að andmæla ekki hollensku þróunaraðstoðarverkefni í Túnis, ríkisaðstoð nr. N 674/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun til eflingar atvinnumálum í Ceuta, ríkisaðstoð nr. N 895/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrkveitingu Breska konungsríkisins til fyrirtækisins Union Railways Limited sem ætluð er til að gera því kleift að halda áfram hönnunar- og verkfræðistarfsemi sinni, kaupa eignir sem gerð jarðganganna undir Ermasund hefur haft áhrif á og til að fylgja smíðaaáætlun sinni, ríkisaðstoð nr. N 172/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að ítölsk stjórnvöld gangi í ábyrgð fyrir járnbrautafyrirtækið Ferrovie dello Stato í því skyni að þróa og endurskipuleggja fyrirtækið og fjármagna stjórnun, innri uppbyggingu og viðhald árið 1995, í samræmi við gildandi bandalagsreglur, ríkisaðstoð nr. NN 131/94 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenskan rannsóknasjóð fyrir heildsöluviðskipti, ríkisaðstoð nr. N 535/94 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur á grundvelli b-liðar 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans samþykkt tillögu ítalskra yfirvalda um styrk handa S.G.S. Thomson Microelectronics S.r.l. til að styrkja rannsóknaverkefni innan ramma EUREKA, ríkisaðstoð nr. N 815/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun er varðar fjárfestingaraðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki í Mecklenburg-Vorpommern, ríkisaðstoð nr. N 627/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt leiðbeiningar sem Austurríki lagði fram í tengslu við aðstoð á sviði fisk- og kvíaeldis, ríkisaðstoð nr. N 445/D/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð til að efla sameiginlegar rannsóknir milli fyrirtækisins Océ og ýmissa birgja, ríkisaðstoð nr. N 762/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna rannsókna og þróunar á nýjum efnum í Bæjaralandi, ríkisaðstoð nr. N 773/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samþætta rekstraráætlun sem Belgía lagði fram innan ramma Pesca-frumkvæðisins, ríkisaðstoð nr. N 27/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun fyrir ný fyrirtæki og vegna stækkunar og endurnýjunar á fyrirtækjum á svæðunum Bahía de Cádiz og Campo de Gibraltar, ríkisaðstoð nr. N 831/95 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 6, 11. 1. 1996).

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**96/EES/4/11**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0380-I	Reglugerð um endurskoðun á ráðherraúrskurði frá 21. mars 1973 um heilbrigðisefirlit með umbúðum og áhöldum sem notuð eru við meðferð matvæla eða efna til neyslu. Innfelling á tilskipun 95/3/EB	1.3.1996
95-0381-I	Reglugerð um framleiðslu og sölu á matarsalti	1.3.1996
95-0384-DK	Tæknilegar reglugerðir. Notendabúnaður fyrir grunnaðgang að ISDN-netinu	26.2.1996
95-0385-DK	Tæknilegar reglugerðir. Notendabúnaður fyrir forgangsáðgang að ISDN-netinu	26.2.1996
95-0386-E	Tæknilegar reglugerðir fyrir radíóbúnað með ytri eða innri radíótíðnitengibúnaði sem einkum er ætlaður fyrir hliðrænar talmerkingar til notkunar í landfarstöðvaþjónustunni	26.2.1996
95-0387-E	Tækniforskriftir fyrir radíófjarritabúnað fyrir farskiptaþjónustu á sjó á MF/HF	26.2.1996
95-0388-E	Tækniforskriftir fyrir stuttbylgjuradíóbúnað til notkunar á tíðnisviðinu 25 MHz - 1000 MHz	26.2.1996
95-0389-E	Tillaga að konunglegum úrskurði um samþykkt á tæknilegum leiðbeiningum MIE-AEM4 sem fylgja reglugerð um lyftu- og meðhöndlunarbúnað með hliðsjón af notuðum færanlegum vélknúnum krönum	26.2.1996
95-0390-E	Drög að fyrirmælum frá iðnaðar- og orkumálaráðuneytinu um breytingu á tilmælum frá 20. september 1985 um byggingastaðla, gerðarviðurkenningu, prófun og eftirlit með tönkum undir hættulegar vörur	26.2.1996
95-0391-E	Tilmæli um drög að reglugerð um persónulegt öryggi vegna tiltekinnna öryggisráðstafana	26.2.1996
95-0392-E	Tilmæli um drög að lögum og reglugerðum um persónulegt öryggi í tengslum við vöktunarfyrirtæki	26.2.1996
95-0393-I	Tæknileg reglugerð um eldvarnir vegna hönnunar, smíði og reksturs gashitaveitukerfa	1.3.1996
95-0394-I	Reglugerð um gildistíma kvarðamerkinga á gasmælum með teygjanlegar hliðar sem gefin er út til að framfylgja lögum nr. 236 frá 29. júlí 1991 um breytingu á ákvæðum sameinaðra laga um mál og þyngd	9.4.1996
95-0399-D	Tæknilegar reglur fyrir gufukatla - TRD 303, 1. viðauki: Mæling á kúlulaga tönkum með útsniðna hluta sem veita vörn gegn breytilegum spennuþrýstingi á innri gataða kanta	5.3.1996

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaáildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og áildarríkjum.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0400-D	Tæknilegar reglur fyrir gufukatla - TRD 415: Hvirfilkyndibúnaður í gufukötlum	5.3.1996
95-0401-D	Tæknilegar reglur fyrir gufukatla - TRD 451, 1. viðauki: Búnaður án þrýstings fyrir geymslu á ammóníaksvatnsblöndum fyrir gufukatla - geymslutankar	5.3.1996
95-0402-D	Tæknilegar reglur fyrir gufukatla - TRD 451, 2. viðauki: Búnaður til geymslu á ammóníaksvatnsblöndum í þrýstihylkjum fyrir gufukatla - geymslutankar	5.3.1996
95-0403-D	Tæknilegar reglur fyrir gufukatla - TRD 452, 1. viðauki: Búnaður án þrýstings fyrir geymslu á ammóníaksvatnsblöndum fyrir gufukatla - uppsetning, búnaður og starfsemi	5.3.1996
95-0404-D	Tæknilegar reglur fyrir gufukatla - TRD 452, 2. viðauki: Búnaður til geymslu á ammóníaksvatnsblöndum í þrýstihylkjum fyrir gufukatla - uppsetning, búnaður og starfsemi	5.3.1996
95-0405-D	Tæknilegar reglur fyrir gufukatla - TRD 702, 1. viðauki: Viðbótarkröfur við TRD 702 fyrir gufukatlabúnað með vatnshitara í II. hópi með sjálfvirkri eða að hluta til sjálfvirkri kolakyndingu	5.3.1996
95-0406-D	Tæknilegar reglur fyrir gufukatla - TRD 702, 2. viðauki: gufukatlabúnað með vatnshitara í II. hópi - viðbótarkröfur	5.3.1996
95-0407-D	Samþykkisforskrift BAPT 211 ZV 11/26 GHz fyrir stafrænan radióendurvarpsbúnað fyrir fastasambandsþjónustuna á tíðnisviðinu 26 GHz	5.3.1996
95-0408-DK	Fyrirmæli um sterkstraum, 113. hluti (röð) PVC-einangraðir kaplar með merktri spennu frá og með 450/750 V	14.3.1996
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EEB án þess að senda drög til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.